



Fundargerð

10. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ mánudaginn 31. október.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk og Jóney Gylfadóttir. Sonja Sif Jóhannsdóttir var einnig á fundinum í gegnum fjarbúnað.

Formaður setti fund kl. 17:15 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 9. fundar, samþykkt rafrænt milli funda, staðfest.

2. Staðfesting Íslandsmeta samkvæmt reglugerð FRÍ

Samkvæmt einni af reglugerðum FRÍ samþykkir stjórn Íslandsmet. Vinnulag hefur verið með þeim hætti að skráningarnefnd hefur gengt því hlutverki. Þörf er á að endurskoða reglugerðina. Í framhaldi af því kom upp að einnig þyrfti að endurskoða hvort verið væri að uppfylla öll skilyrði á mótum svo þau teljist lögleg. Samþykkt að skipa vinnuhóp sem samanstendur af skráningarnefnd, móta og mannvirkjanefnd sem og verkefnastjóra FRÍ til að fara yfir tilheyrandi reglugerðir.

3. Starfslokamál

Fjallað um starfslokamál og uppgjör fyrrverandi framkvæmdastjóra. Erindi lagt fram til umfjöllunar. Formanni falið að leita skýringa á efnistöfum og svara erindinu formlega.

4. Ríg 4. febrúar

Ætlum að leggja áherslu á að fylla húsið þann 4. febrúar. Finnum fyrir áhuga frá erlendum íþróttamönnum sem er mjög jákvætt. Skipa þarf framkvæmdastjórn til að vinna að undirbúningi mótsins. Verkefnastjóri og formaður tilnefna aðila í framkvæmdastjórn.

5. Formannafundur FRÍ

Formannafundur FRÍ verður haldinn 5. nóvember næstkomandi. Fáir búnir að staðfesta komu sína. Verkefnastjóri heldur áfram að hvetja fólk til að mæta á fundinn. Í framhaldinu kom upp hugmynd að vera með stefnumótunar fund í vor. Frjálsar íþróttir í dag og í framtíðinni. Auglýsa þann fund með góðum fyrirvara.

6. Kostnaðarpátttaka við þjálfaraverkefni IAAF

Nýlega var þjálfaranámskeiðum IAAF breytt. Þeir sem fóru á námskeið fyrir kennara á sínum tíma býðst að fara á upprifjunar- og viðbótarnámskeið sem haldið verður erlendis í janúar.

Frjálsíþróttasambandið hefur hug á því að koma til móts við þá sem hafa áhuga á að fara.



7. Önnur mál

Ekki voru önnur mál tekin fyrir að þessu sinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:10.

Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir